

# INNGANGUR

*Aðildarríkin eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að a) rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess, b) móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi ...*

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 29. grein, 1989

## Litli-kompás – handbók um mannréttindamenntun fyrir börn!

Við vonum að þessi handbók gefi hugmyndir og veiti innblástur og hagnýta aðstoð við að kynna börnum mannréttindi. Þar sem börn lifa og hrærast meðal annars fólks, innan fjölskyldunnar sem og í samfélaginu almennt, vakna snemma með þeim spurningar um réttlæti og þau leita eftir svörum um tilgang lífsins. Mannréttindamenntun kemur sterklega til móts við þennan eðlilega áhuga og námsferli með því að efla skilning á mannréttindum og móta skoðanir og viðhorf.

Oft er litið á börn sem fólk sem er „ekki enn orðið fullorðið“ og þess vegna séu þau öðrum háð, reynslulaus, óöguð og í þörf fyrir leiðbeiningar. *Litli-kompás* byggist á annarri hugmynd sem Lothar Krappmann, þýskur félagsfræðingur og skólamaður, orðar þannig: Börn lifa „hér og nú“, „þau skapa sér skoðanir á vandamálum og búa sér til dugandi lausnir“. <sup>1</sup> Í *Litli-kompás* er litið á börn sem unga borgara nútímans og sem rétthafa sem standa fyrir sínu á mörgum sviðum. Gengið er út frá áhugahvöt og reynsluheimi barna og leit þeirra að lausnum.

*Litli-kompás* varð til fyrir áhrif frá *Kompás – handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk*, en það var Evrópuráðið sem stóð að gerð þeirrar bókar árið 2002. Notkunin á *Kompás* meðal ungmenna á grunn- og framhaldsskólaaldri og í skólum víða um Evrópu hefur farið fram úr öllum væntingum. Væntingar sem notendur *Kompás* létu í ljós um slíka handbók fyrir börn samræmdust hugmyndum okkar um að hefja ætti mannréttindamenntun meðal eins ungra barna og unnt væri. *Litli-kompás* byggist á sömu hugmyndafræði og kennsluáferðum og *Kompás*. Eins og þar er beitt óformlegum nám- og kennsluáferðum og fyrirkomulagi sem veitir notendum bókarinnar bæði fræðilegan og hagnýtan stuðning. En ólíkt *Kompás*, sem er skrifaður fyrir unga fólkið sjálft, er *Litli-Kompás* ætlaður kennurum og leiðbeinendum barna. Þar er að finna fræðilegar sem aðferðafræðilegar upplýsingar og efnislega umfjöllun um málaflokka bókarinnar. Kennarar eru einnig hvattir til að laga efnið að aðstæðum þannig að það endurspegli bæði veruleika þeirra sjálfra og barnanna. Þó að hagnýtu verkefni séu þannig gerð að leikið sé við börnin, þá þarf kennara til að leiðbeina þeim í flestum tilvikum.

Börn eru kraftmikil, skemmtileg og dugleg. Öll börn búa yfir löngun, getu, forvitni og áhuga á að læra og takast á við umhverfi sitt á allan hátt.

Loris Malaguzzi

## Hvað felst í mannréttindamenntun fyrir börn?

Mannréttindamenntun er ferli sem miðar að því að til verði mannréttindamenning. Ferlið er fólgið í virkri þátttöku barna þar sem þau læra um mannréttindi og fá skilning á mannréttindamálum; öðlast kunnáttu og færni sem gerir þeim kleift að standa vörð um mannréttindi og móta með sér viðhorf sem einkennist af jafnrétti og virðingu. Mannréttindamenntun ætti því að vera í öndvegi í öllu kennslustarfi.



**Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna** er ómetanlegt tæki til að kynna börnum mannréttindi. Í honum er fjallað um þau mannréttindi sem varða börn. Kennsla og þjálfun á þessu sviði vekur því skilning barna á því um hvað mannréttindi snúast, að þau njóti sjálf slíkra réttinda og geti lagað þau að aðstæðum og nýtt í tilteknu samhengi. Þetta er meginmarkmiðið með mannréttindamenntun fyrir börn. Í *Litla-kompás* eru réttindi barna enn fremur sett í víðara samhengi; almenn mannréttindi og réttindi barna eru útskýrð samhliða sem verður til þess að jafnframt því sem börnin gera sér grein fyrir eigin réttindum átta þau sig á því að allar manneskjur njóta mannréttinda..

Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að ... d) Undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.

*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 29. gr., 1989*

## Mannréttindamenntun og menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar

Mannréttindi skipta sköpum fyrir lýðræðislega þróun og borgaravitund. Sú félagslega og pólitíska þróun sem átt hefur sér stað að undanfögnu í Evrópu og víða um heim, svo sem efnahagslegt ósjálfstæði, kynþáttafordómar, hryðjuverkastarfsemi, pólitískt sinnuleysi, aukin félagsleg mismunun eða málamiðlunarpólitik, ögrar menningarundirstöðum friðar og mannréttinda og ógnar þannig lýðræðislegum stöðugleika. Þess vegna eru mannréttindamenntun og menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar orðin forgangsmál stjórnvalda, og ekki síst frjálsra félagasamtaka, síðasta áratuginn.

Mannréttindamenntun og menntun til að efla lýðræðislega borgaravitund haldast í hendur þar sem miðað er að menntun til lýðræðis í báðum tilvikum. Með slíkri fræðslu öðlast ungt fólk þekkingu og hæfni og setur sér grunnildi. Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar setur „barnið sem þjóðfélagsþegn“ í brennidepil og miðar að því að börn verði virkir og ábyrgir þegnar í samfélaginu. Mannréttindamenntun leggur aftur á móti áherslu á manneskjuna og stuðlar að jafnrétti, mannvirðingu, þátttöku og sjálfsefningu allra. Borgaravitund er eitt meginatriðið í mannréttindamenntun og menntun um lýðræðislega borgaravitund byggist á gildum mannréttinda. Þó að áherslur séu ekki hinar sömu er í báðum tilvikum unnið að því að efla lýðræði, mannréttindi og frið.

### Fyrir hverja er Litli-kompás?

*Litli-kompás* var sniðinn að þörfum fræðsluáðila og leiðbeinenda sem starfa með börnum, kennara, umsjónarmanna sem og foreldra, einkum þeirra sem hafa áhuga á mannréttindamenntun fyrir börn og leita eftir hagnýtu efni sem nota má sem umræðugrundvöll um grunnildi og félagsleg málefni í samræðum við börn. Verkefnin eru ætluð börnum á aldrinum sex til þrettán ára.

Gengið er út frá þekkingu og reynslu barna jafnt sem kennara og leiðbeinenda. Leggja má verkefni fyrir börnin þar sem þau dvelja lengst af í daglegu lífi sínu: í skólum, heilsdagsskóla, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum eða sumarþúðum, og sum jafnvel innan veggja heimilisins. Börnin þurfa yfirleitt ekki að búa yfir neinni sérstakri hæfni til að geta tekið þátt í verkefnum, en kennarar og leiðbeinendur þurfa aftur á móti að hafa reynslu og geta beitt óformlegum kennsluáðferðum til að verkefnavinnan skili árangri.



## Um hvað snýst Litli-kompás?

Á undanförnum áratug hefur í Evrópu og um heim allan verið búið til töluvert af vönduðu kennsluefni fyrir börn þar sem fjallað er um mannréttindi og réttindi barna. Teymið sem vann að *Litla-kompás* byggði á því efni og lagði áherslu á að staðfæra það og laga að evrópskum aðstæðum. Í bókinni er að finna sérstaka umfjöllun um mannréttindamenntun, óformlegar kennsluáðferðir og þvermenningarleg efnistöð.

### Viðfangsefni sem tengjast mannréttindum

*Litli-kompás* byggist á sömu hugmyndafræði og kennsluáðferðum og *Kompás*, og nokkrir kaflar hans, einkum þeir sem fjalla um hugmyndafræðileg efni, eru teknir beint úr *Kompás*. Meginefni *Litla-kompás* eru verkefni sem hönnuð eru sérstaklega fyrir börn. Þau snúast um þrettán sérvalin viðfangsefni: Borgaravitund, lýðræði, mismunur, menntun og tómstundir, umhverfið, fjölskylduna og aðra umsjár- aðila, kynjajafnrétti, heilbrigði og velferð, fjölmiðla og netið, þátttöku, frið og ágreining, fátækt og félagslega útskúfun og ofbeldi. Til að færa mannréttindamál nær daglegum veruleika og persónulegri reynslu barna beinast þessi viðfangsefni almennt að lífsgildum og félagslegum málefnum, fremur en formlegum réttindum sem kveðið er á um í sáttmálum. Þau voru valin af kostgæfni úr fjölda hugmynda í þeirri trú að þau næðu yfir þau svið mannréttinda sem mestu máli skipta fyrir börn, enda þótt bókinn spanni ekki öll þau málefni sem vert væri að geta um. Sum viðfangsefni koma einnig inn á málefni sem eru ofarlega á baugi en sjaldan er fjallað um í bókum, svo sem menntun, heilbrigðismál og kynjajafnrétti. Auk þessara sérvöldu viðfangsefna er einnig gerð grein fyrir almennum mannréttindum til að börn öðlist skilning á því hvað felst í hugtakinu réttindi og hvernig réttindum skal beitt og þau nýtt í daglegu lífi.

### Óformlegar kennsluáðferðir

Beitt er óformlegum kennsluáðferðum í *Litla-kompás*, áðferðum sem byggjast á virkri þátttöku og persónulegri reynslu barna. Með þátttöku og samvinnu barna skapast samkennd meðal þeirra og minni ágreiningur verður milli einstaklinga í hópinnu. Þessar áðferðir auka skilning á flóknum hugtökum, auka hæfni til að leysa vandamál og efla sköpunarmátt og útsjónarsemi; allt eru það mikilvæg markmið í mannréttindamenntun. Fullorðið fólk ætti ekki að falla í þá gildru að halda að leiðbeinendur og kennarar búi yfir öllum sannleikanum. Börnin leggja sína reynslu af mörkum í námsferlinu og á henni skal byggja til að tryggja áhuga þeirra og aukinn þroska. Líta skal á spurningar, jafnvel ágreining, sem veigamikil atriði sem meta skal á jákvæðan hátt.

### Þvermenningarlegar og virkar áðferðir

Þó að börn séu afar upptekin af nærumhverfi sínu, siðvenjum og vinahópum, eru þau forvitin um heiminn, um önnur menningarsamfélög, lönd og þjóðir. Í *Litla-kompás* eru sögur og frásagnir af aðstæðum á ýmsum stöðum og frá ólíkum menningarheimum. Allur þessi fjölbreytileiki vekur börn til umhugsunar og fær þau til að mynda sér eigin skoðanir. Eins og Reva Klein, breskur uppeldisfræðingur, segir, fræðast börnin ekki bara um lífshætti annarra barna, heldur skapast hjá þeim samkennd og samstaða og skilningur á að þeim ber að líta til heimsins alls.<sup>2</sup>

*Litli-Kompás* stuðlar að þessu samhengi og áðferðum með þvermenningarlegu vinnsluferli sem allir taka þátt í. Síðla árs 2005 var haldinn samráðsfundur fagfólks sem starfar með börnum og þar voru settar fram hugmyndir um innihald bókarinnar. Þeim var síðan framfylgt af alþjóðlegu teymi sem til varð í kjölfar tillagna sem lagðar voru fram. Þessu alþjóðlega teymi fannst mikilvægt að *Litli-kompás* yrði saminn í náinni samvinnu við hugsanlega notendur hans og börnin sjálf. Alþjóðlegum stoðhópi fagfólks var því komið á laggirnar sem haft var samráð við í vinnsluferlinu. Þessi stoðhópur sá um að prófa og meta verkefni sem lagt var til að yrðu í bókinni og gaf álit sitt á fræðilegu köflunum.



## Kaflaskipting í Litla-kompás

**I. kafli:** Kynnt er fyrir lesendum hvað átt er við með mannréttindum og réttindum barna og gerð grein fyrir helstu alþjóðlegu mannréttindastöðunum.

**II. kafli:** Gerð er grein fyrir markmiðum með mannréttindamenntun og hverju slík fræðsla skilar og það sett í evrópskt sem alþjóðlegt samhengi.

**III. kafli:** Gefin eru góð ráð og ábendingar um hvernig nota má *Litla-kompás* við ýmsar aðstæður, bæði þar sem óformleg fræðsla fer fram sem og í skólum, og hvernig nýta má kennsluáðferðir hans sem best. Í ábendingum til kennara og leiðbeinenda eru tillögur um hvernig hefja má verkefnavinnuna með börnunum og hvernig verkefnunum skal fylgt eftir í verki.

**IV. kafli:** Hér er að finna 40 hagnýt verkefni fyrir ýmsa aldurshópa sem eru misjafnlega erfið en tengjast öll þeim efnisþáttum sem valdir voru. Börnin þurfa ekki að búa yfir neinni tiltekinni hæfni til að geta tekið þátt í verkefnunum. Notendur bókarinnar eru hvattir til að nota verkefni á skapandi hátt, í samhengi hvert við annað eða hvert fyrir sig.

**V. kafli:** Hér er að finna ítarefni um efnisflokkana þrettán. Kennarar og leiðbeinendur eru hvattir til að kynna sér viðkomandi viðfangsefni áður en byrjað er á verkefni sem snýst um það. Spurningum sem varpað er fram í textanum er ætlað að vekja lesendur til umhugsunar um eigin þekkingu og viðhorf og gera þeim kleift að setja viðfangsefni í persónulegt og kunnuglegt samhengi.

**Viðaukarnir** innihalda ítarlegar upplýsingar um lögbundna samninga sem kveða á um málefni barna í Evrópu. Mannréttindasáttmáli Evrópu, Mannréttindafirlýsing Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna eru birtir þar, einnig í styttnum útgáfum fyrir börn. Í orðskýringum aftast í bókinni er gerð grein fyrir þeim lykilhugtökum sem notuð eru í bókinni. Viðkomandi hugtök eru feitletruð í meginmáli bókarinnar.

## Litli-kompás innan ramma áætlunar um mannréttindamenntun fyrir ungt fólk

*Litli-kompás* er gefinn út innan ramma æskulýðsáætlunar Evrópuráðsins um mannréttindamenntun og þvermenningarleg samskipti. Áætlunin miðar að því að fá ungt fólk til að fjalla um mannréttindamál, ekki einungis þá einstaklinga sem þegar eru virkir og meðvitaðir á því sviði heldur alla hina líka, og stuðla að því að mannréttindi standi þeim nær í daglegu lífi. Síðan áætluninni var hleypt af stokkunum árið 2000 hefur hún náð til ungs fólks í þúsundatali og haft keðjuverkandi áhrif þar sem menntaáætlanir um mannréttindi og mannréttindaverkefni hafa verið þróuð víða um Evrópu. Mikilvægur afrakstur æskulýðsáætlunar Evrópuráðsins um mannréttindamenntun og þvermenningarleg samskipti er ritið *Kompás – handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk*, sem komið hefur út á rúmlega tuttugu tungumálum síðan það var gefið út árið 2002. Þessi vel heppnaða bók hefur verið ungu fólki og æskulýðssamtökum hvatning til að fjalla um málefni á borð við lýðræði, félagslegt réttlæti og kynjajafnrétti.

Æskulýðsáætlun Evrópuráðsins um mannréttindamenntun og þvermenningarleg samskipti endurspeglar og styður alþjóðaáætlun Sameinuðu þjóðanna um mannréttindamenntun (2005 og áfram). Með þessari áætlun er leitast við að gera mannréttindi hvarvetna að veruleika með því að skapa almennan skilning á grundvallarreglum þeirra og þeim aðferðum sem beitt er við mannréttindamenntun. Í aðgerðaáætlun alþjóðaáætlunarinnar 2005–2007 var lögð áhersla á grunn- og framhaldsskóla og lögð fram tiltekin áætlun og hagnýtar hugmyndir um hvernig koma mætti á fræðslu í mannréttindum á landsvísu.



.....  
**Gagnlegar heimildir**

Gandini, Lella, Edward, Carolyn, Forman, George, ritstj., *The Hundred Languages of Children: The Reggio Emilia Approach Advanced Reflections*: Ablex/Greenwood, 1998.

Kein, Reva, *Citizens by Right, Citizenship education in primary schools*: Trentham Books og Save the Children, 2001.

Krappmann, Lothar, *The Rights of the Child as a Challenge to Human Rights Education* í Journal of Social Science Education: Bielefeld, 2006: [www.jsse.org/2006-1/krappmann\\_child-rights.htm](http://www.jsse.org/2006-1/krappmann_child-rights.htm)

.....  
**Tilvísanir**

- 1 Krappmann, Lothar, 'The Rights of the Child as a Challenge to Human Rights Education' í Journal of Social Science Education: Bielefeld, 2006: [www.jsse.org/2006-1/krappmann\\_child-rights.htm](http://www.jsse.org/2006-1/krappmann_child-rights.htm)
- 2 Kein, Reva, *Citizens by Right, Citizenship education in primary schools*: Trentham Books og Save the Children, 2001, bls. 53.



